

Norrænir vefarar sýna

Nordisk textiltiennal 1979-1980, eða Norræn vefjalist fyllir nú sali Kjarvalsstaða og ganga. Þetta er önnur sýning sinnar tegundar, sú fyrri var haldin árið 1976. Eins og nafnið triennal bendir til, er um að ræða sýningu sem haldin er á þriggja ára fresti. Norræn vefjalist er farandsýning og kemur nú frá Þórshöfn, eftir að hafa þrætt hin Norðurlöndin.

Upphafið að þessu samstarfi um Norræna vefjalist varð árið 1974. Fyrsta sýningin árið 1976 var með ólíkum hætti og sú sem nú er haldin. Þá var um sameig-

sem sér um uppsetningu verkanna á hverjum stað fyrir sig.

I formála að sýningarskrá, rekur Nanna Hertoft í stórum dráttum sögu þessa samstarfs, sem styrkt er af Norræna menningarsjóðnum. Síðan rekur Marianne Erikson sögu vefnaðar á Norðurlöndum og bendir á hve rík að vefnaðarlist Skandinavía er. Bendir hún t.d. á stór-an hlut Íslands á miðöldum, þegar vefnaðarlist var stærstur þáttur myndlistar okkar. Síðan fjallar Beate Sydhoff um þróun veflistar á Norðurlöndum síðustu árin. Þannig er



Myndlist

eftir Halldór Björn Runólfsson

inlega dómnefnd að ræða og valdi hún úr verkum allra landanna. Vegna óhentugleika þess fyrirkomulags, var skipuð dómnefnd í hverju landi, sem annast skyldi val til sýningarinnar. Voru það Hörður Agústsson, Hrafnhildur Schram og Magnús Pálsson sem sáu um val á íslensku verkunum. Síðan er starfsnefnd frá hverju landi,

sýningarskráin vönduð og greinargöð, auk þess sem ljósmynd er af hverju verki ásamt smáþistli um hvern sýnanda. Það hefur verið gaman að fá formálana þýdda á íslensku, en slíkt er efalaust aukaatriði.

Sýningin er stór (nærri 100 verka) og er hún vel uppsett, þannig að verkin njóta sín ágætlega. Langmest ber á verkum



Stór sýning og vel uppsett, segir Halldór Björn m.a. í umsögn sinni.

hinna fjögurra stóru, Svía, Dana, Finna og Norðmanna. Hlutfallslega eiga þó íslenskir flest verk, eða 7 stykki. Aðeins einn fulltrúi er fyrir hönd Færeyja. Það er fallett landslagsverk ofið, eftir Astrid Andreassen Geyti. Það gefur þó allt of litla hugmynd um list Færeyinga í þessum efnum.

Hluttur Íslendinga er ágætur. Asgerður Búadóttir er hér með tvö verk. Bæði eru mjög sterk og vandlega unnin. Það fer yart

á milli mála að Asgerður er í fararbroddi íslenskra vefara, svo persónulegur og kraftmikill er stíll hennar. Hildur Hákonardóttir, Guðrún Auðunsdóttir og Ragna Róbertsdóttir eiga allar prýðisverk á sýningunni. Greinilegt er að yngri kynslóðin er síður en svo af verri endanum. Þorbjörg Þórðardóttir, Gerla Geirsdóttir og Guðrún Þorkelsdóttir sýna allar mjög persónuleg verk og ólík. Af þessu má sjá að engin einlín-

stefna er í íslensku vefjalist, heldur allmikil breidd, þrátt fyrir fámenni stéttarinnar.

Það kom mér á óvart hve styrkur Norðmanna var mikill á þessari sýningu. Verk Ingunnar Skogholt, Speculatio er með því besta á þessari sýningu. Einnig má benda á Sidsel C. Karlsen, Sidsel Bryde, og Sole Lefstad Auensen. Verk Kjell Gunvaldsen, Soweto, er mjög sterk.

Finnar eiga einnig mjög persónulega og góða vefara. Fannst mér Eliasa Salmi-Saslaw og Maisa Turunen-Wiklund einna bestar. Svlar og Danir eiga sæg af góðum veflistamönnum. Pia Beronius-Allen, Ingall Gullers, Birgitta Modig og Birgitta Nelson-Clauss fannst mér bestar meðal Svíanna. Af Dönum fannst mér Margrethe Agger, Jette Brønnum, Nina Ferlov, Lone Hansen og Nanna Hertoft bera nokkuð af.

Ekki er hægt að fjalla um þessa sýningu án þess að geta verks Yosi Anaya frá Finnlandi. In reverence for the Niger er 4x9m. langt batikverk fyrir vegg og gólf. Þetta monumenta verk er yfirþyrmandi, þar sem það stendur í vestursalnum.

Sýningin er af þeirri stærðargráðu að erfitt er að fjalla um hana á ítarlegan hátt, en hún er einnig of stór til að fólk láti hana fram hjá sér fara.

Barnabækur á barnaári

Nú þegar sumar fer í hönd samkvæmt gömlu tímatali og haldið er uppá það með mikilli barnahátíð, bóksalar héldu barnabókaviku vikuna sem leið og veittu 10% afslátt á barnabókum og senn er von á að Reykjavíkurborg úthluti árlegum barnabókaverðlaunum, þá er ekki úr vegi að huga svolítið að barnabókauðgáfu á síðasta ári. Mun ég í þessum pislifjalla um frumsamdar íslenskar bækur, en í næsta pislif verður fjallað um þýddar barnabækur.

Barnaárið

Árið 1979 var af Sameinuðubjóðunum helgað börnum og menningarlegum og félagslegum uppeldisskilyrðum þeirra. Skrifabur var fjöldi greina í blöð og tímarit, haldnar ráðstefnur, fundir og sýningar, þar sem fjallað var um efni ársins. Ekki hef ég neina tölu á því hvað mörg orð hafa fallið um efnið, en þau skipta áreiðanlega bilhlössum. Og allir voru heldur jákvæðir og bentu á margt sem betur mátti fara. En þegar við svipumst um og reynum að mæla afraksturinn er um harla snauðan garð að gresja. Ætli fari ekki eins og um kvennaárið....orð, orð, orð og ekkert



Bókmenntir

eftir Gunnlaug Astgeirsson

gerist, nema helst að nokkur kvenfélög úti á landi létu reisa minnisvarða um landnámskonuna í heráðinu til minningar um eilíft strit konunnar í landinu. Ad visu hef ég ekki ennþá heyrt hreyft þeirri hugmynd að börnum verði reistur sérstakur minnisvarði, svo eftir standi einhver áþreifanlegur árangur barnaársins.

Bókauðgáfa

Maður hefur nú getað átt von á að bókauðgefendur tækju sér tak og reyndu að efla innlenda barnabókaframleiðslu á árinu. Ad visu sýndi eitt forlag, Mál og menning, þessu áhuga og efndi til barnabókasamkeppni. Þó að það framtak sé lofsvert er það ekki nóg. Útgefendum ber síðferðisleg skylda til að halda uppi framleiðslu innlendra barnabóka og ef þeir sinna því ekki eins og menn ætti hreinlega að gera það að lagalegri skyldu þeirra.

A síðasta ári voru gefnar út eitthvað á annað hundrad barnabækur (mér hefur ekki tekist að fá nákvæma tölu en trúlega er 120 nærri lagi). Af þessum fjölda eru aðeins 13

frumsamdar íslenskar bækur. Þar af eru 3 veigaltil fjölrít þannig að réttara er að tala um 10 bækur. Þetta er svipaður fjöldi og undanfarnir ár jafnvel lítið færri, á meðan þýddu bækurnar verða fleiri og fleiri með hverju árinu sem líður.

Raunveruleikasögur

Fjórar barnabækur sem komu út á síðasta ári eru raunveruleikasögur sem gerast í okkar nútímasamfélagi og fjalla um ýmis vandamál og aðstæður sem margir þurfa að glíma við í sínu hversdagslífi. Raunsæisstefnan sem nú er almennt uppi í bókmenntum hérlandis virðist einnig vera ríkjandi hjá barnabókahöfundum.

Þrjár þessara bóka gerast á Stór-Reykjavíkarsvæðinu. Eru það Lyklabarn eftir Andrés Indriðason, Mamma í uppsveiflu eftir Armann Kr. Einarsson og Julia og Snorri eftir Önnu K. Brynjúlfssdóttur. Þessar bækur eru þó mjög ólíkar.

Lyklabarn fjallar fyrst og fremst um samskipti barns og foreldra sem ekki hafa tíma til að sinna barninu. Hér er fyrst og fremst um lýsingu á ákveðnu

ástandi að ræða og brugðið upp heldur dapurlegri mynd sem því miður er allt of sönn.

Mamma í uppsveiflu gerist meira í heimi barna. Það er barnahópur sem sagan fjallar um og lýst er daglegu amstri þeirra. Þessi saga er í rauninni hversdagsævintýri, ævintýri sem alltaf eru að gerast í kringum okkur ef við höfum augun opin. Saman við er síðan fléttuð umfjöllun um ýmis vandamál sem snerta bæði börn og fullorðna. Mér finnst þessi bók verða ein af bestu bókum Armanns Kr.

Julia og Snorri er svolítið annars eðlis þar sem hún er samin sem byrjendabók í lestri. En um hana er svipaður raunveruleikarammi og hinar tvær og tæpt á ýmsum málum, en aðalviðfangsefnið er aðlögun tókubarns úr fjarlægum landi að íslenskum aðstæðum og viðbrögð umhverfis við dökkum höfundslit þess.

Fjórða raunsæisbókin gerist úti á landi, þó í bæ eða þorpi, Agnarögn eftir Pál H. Jónsson. Í þeirri bók er aðalviðfangsefnið það innilega samband sem skapast getur milli barns og



„Það nær ekki nokkurri átt að einungis tvö og stundum þrjú bókaforlög skuli sýna einhverja marktæka viðleitni til að gefa út frumsamdar íslenskar barnabækur...“ segir Gunnlaugur m.a. í grein sinni.

gamalmennis, í þessu tilfelli eru það Afi og Agnarögn, afa-stelpa. Hér er fjallað á afar nærfærinn hátt um vandamál gamals fólks, réttleysi þeirra sem ekkert eiga nema hjartagæsku og tillitsleysi félæns neyslusamfélags við fólk og náttúru.

Mér finnst Agnarögn bera af þessum bókum bæði vegna þess hve atburðarar og persónusköpun er haganlega fléttuð saman við hugmyndirnar sem að baki liggja og ekki síður vegna þess látlausa en fallega stíls sem er á þessari sögu.

Ævintýri

Þrjár barnabækur komu út á síðasta ári sem flokka má sem ævintýri og eru þar af tvær dýrasögur.

Búalfarnir eftir Valdís Óskarsdóttur er ævintýri sem hefur um sig raunveruleikaramma. Lýst er samskiptum Svenna og búalfanna og er þetta fyrst og fremst skemmtileg frásögn af kátlegum atvikum án þess að mikið fleira sé í frásögnina spunnið.

Veigameiri er dýrasagan Ferðin til sædýrasafnsins eftir Jón frá Pálmholti. Þar fléttast saman skemmtileg og lifandi persónusköpun og margskonar fróðleikur um land og náttúru.

Hin dýrasagan er Skottlög eftir Hauk Matthíasson. Er þetta músasaga þar sem per-

sónusköpun er bæði einföld og undarleg, þar sem eiginleikum dýranna er jafnvel snúið við frá því sem eðlilegt má teljast.

Hér mætti einnig bæta við bókum Þrastar J. Karlssonar Þrælur soldánsins og Ögnvaldurinn þar sem dýr eru aðalpersónur. Bækur Þrastar eru tilraun til að búa til spennandi smábarnareyfa og eru að mínu viti hinar hroðalegustu bækur, hvort sem tekur til persónusköpunar, hugmynda sem að baki liggja eða stíls.

Unglingasögur

Tvær unglingasögur komu út á síðasta ári. Eru það Goggur vinur minn eftir Armann Kr. Einarsson og Stroku-Palli eftir Indriða Úlfsson.

Þessar sögur eiga það sameiginlegt að yfir þeim er raunveruleikablár og þær eiga að gerast í raunveruleikanum. Hinsvegar eru ævintýrin sem unglingarnir lenda í með þeim ólíkindum að slíkt kemur aldrei fyrir neinn. Einnig er persónusköpunin afkáraleg þar sem mikið ósamræmi er á milli hugmyndaheims og vitsmunabroska persónanna annarsvegar og hinsvegar þess sem þeir gera og eru að fást við. Þeir eru barnalegir í hugsun en fullorðnir í gerðum og út úr því kemur eitthvað allt annað en unglingur.

Leikrit

Ekki má gleyma því að bókaforlagið Íðunn sýndi það lofsverða framtak að gefa út á bók barnaleikritið Óvita eftir Guðrúnu Helgadóttur.

Þykir mér trúlegt að krakka-hópum sem sífellt eru í vandræðum með að finna leikrit til að leika finnst gott að hafa aðgang að Óvitum því hæglega má leika einstaka þætti úr þessu leikriti.

Afrakstur

Þegar við litum yfir útgáfu frumsaminnna íslenskra barnabóka á síðasta ári kemur í ljós að af þessum 13 bókum eru aðeins 5-6 sem segja má með samilega góðri samvisku að séu þökkalega góðar bækur. Maður á kannski að gleðjast og þakka guði fyrir að enn skuli þó koma út slíkar bækur. En ég er ekki svo litillátur. Það nær ekki nokkurri átt að einungis tvö og stundum þrjú bókaforlög skuli sýna einhverja marktæka viðleitni til að gefa út frumsamdar íslenskar barnabækur. Á þessu eru til ýmsar skýringar, en flestar þeirra eru ómerkilegar afsakanir sem ég tek alls ekki gíldar, gerðar til að fela þann sannleika sem er kjarni málsins: það er gróðavænlegra að gefa út erlendar glansmynda-bækur og það er sú gróðavon sem stendur næst hjarta flestra útgefenda.

— G.Ast.